HOFSSTAÐASKÓLI
GARÐABÆ

Kynning á skólanum
febrúar 2021

Skólinn

Í skólanum eru um 570 nemendur í 1.- 7. bekk

- Nemendum er skipt á yngra stig (1. – 4. b) og eldra stig/miðstig (5. - 7. b.)
- Milli 70 og 95 nemendur í árgangi
- Kennsla hefst kl. 8:30
- Skólinn er opinn frá kl. 8:00
- Skóla lýkur á bilinu 13:20-14

Húsnæðið

- Heimastofur fyrir bekki og hópa
- Rými fyrir framan stofur notuð fyrir ýmiskonar vinnu
- Samtengdar stofur á skólalóðinni í húsnæði sem kallast „Höllin“
- Salur – matsalur og samkomusalur
- List- og verkgreinastofur
- TM höllin- íþróttir og sund
- Regnboginn frístundaheimili í kjallara

Leiðarljós Hofsstaðaskóla

Fléttast inn í skólastarfið á ýmsan hátt

Virðing

Vinnusemi

Vellíðan

Viska

Verkmennt

Mannauður

þroskaþjálfar

húsvörður

matráður

stuðningsfulltrúar

skólaliðar

starfsmenn frístundar

kennarar

skólastjórnendur

námsráðgjafi

o.fl.

Hagnýtar upplýsingar

Heimasíða skólans www.hofsstadaskoli.is

- Upplýsingar, fréttir, tilkynningar og myndir
- Atburðadagatal

Mentor www.mentor.is

- Náms- og upplýsingakerfi sem stuðst er við
- Námsmat og ástundum
- Fésbókarsíða Hofsstaðaskóla

Samvinna við heimilin

Samvinna við heimilin er mikilvæg en gott samstarf heimila og skóla er ein af forsendum góðs skólastarfs og stuðlar að ánægju og vellíðan nemenda. Uppeldis- og fræðsluhlutverk skóla þarf að leysa af hendi í nánu samstarfi við foreldra. Því ber að stuðla að því að hafa foreldrastarf sem mest og jákvæðast á öllum stigum skólans.

Virkt foreldrafélag og skólaráð er styrkur fyrir skólastarfið auk þess að gott samstarf milli foreldra og einstakra nemenda og umsjónarkennara er mjög mikilvægt vegna námsins og hvernig nemendum líður í skólanum.

Námið

Lögð er áhersla á heildstætt nám sem felst m.a. í því að samþætta námsgreinar. Kennsluhættir eru fjölbreyttir þar sem markvisst er reynt að hafa starfið skapandi og það getur ýmist tengst almennu bóknámi eða verið sjálfstæð listsköpun.

- Sögurammar og þemaverkefni
- Færnimiðað nám
- Smiðjur
- Verkleg vinna

Upplýsingatækni

- Skólinn er vel tækjum búinn og kennarar nota upplýsingatæknina mikið í skólastarfinu
- Nemendur nota tölvur og spjaldtölvur í náminu
- Forritun hefst í 1. bekk

List- og verkgreinar

textílmennt myndmennt smíði

tónmennt heimilisfræði

Íþrótta- og sundkennsla

- Íþrótta og sundkennsla er í TM Höllinni
- Tveir íþróttatímar á viku
- Sund er kennt á námskeiði í lotum, þrír tímar á viku
- Mikilvægt að börn séu búin að fá sundaðlögun og læra að vera sjálfstæð í búningsklefa áður en skólaganga hefst

Vellíðan nemenda

- Áhersla er lögð á vellíðan nemenda í skólastarfinu með því að hafa reglulega slökun, hugleiðslu og jóga. Einnig hefur vinna í tengslum við hugrækt verið aukin og styrkleikaþjálfun. Leiðtogafærni og vináttuþjálfun er kennd í smiðjum í nokkrum árgöngum

Bókasafn

- Mikill fjöldi bóka, tímarita, hljóðbóka, geisladiska, heimildarmynda, spila o.fl. er til á safninu.
- Nemendur sækja sér bækur til að lesa í skólanum og heima
- Sófar, borð og notalegt umhverfi
- Bókasafnskennsla í nokkrum árgöngum

Árgangur sem heild

Í 1. bekk er lögð áhersla á að nemendur kynnist vel innan árgangsins og læri að vinna saman þannig að náms- og félagsleg tengsl myndist á milli þeirra.

Kennarar vinna saman í teymi og bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og náminu. Nokkrum sinnum yfir skólaárið færast nemendur milli hópa hjá kennurum.

- *Möguleiki á mismunandi hópum og til að mæta ólíkum þörfum nemenda*
- *Fjölbreyttari kennsluhættir og sveigjanleiki*

Lestrarnám

Í 1. bekk er Hljóðlestraraðferð lögð til grundvallar lestrarkennslu. Hugmyndir úr öðrum kennsluaðferðum eru einnig nýttar. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Unnið er með tengsl stafs og hljóðs ásamt undirstöðuatriðum lestrar eftir aðferðinni „Vörður og vegísir“ (123skoli.is).

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna að lágmarki í 15 mínútur á dag, 5x í viku. Það gera þeir með því að vinna með barninu þar sem það er statt í lestrarnáminu.

Nesti og hádegismatur

- Morgunhressing um kl. 9:30 hjá yngri nemendum
- Hádegismatur frá kl. 11:10 – 12:40
- Skólamatur sér um matinn
- Mataráskrift
- Nemendur skammta sér sjálfir

Uppbrotsdagar

Öskudagsgleði

Jólaball

100 daga hátíð

Reykjaferð

Íþróttadagur

Árshátíð

HS-leikar

Þorrablót

Fjallaferð

Skólahlaup

Öskudagsgleði

Fjölbreytt dagskrá þó að dagurinn í ár hafi verið öðruvísi en oft áður útaf sóttvarnarreglum

- Öskupokagerð
- Þrautabraut
- Draugahús
- Spákonur
- Tölvur
- Söngur og dans
- Andlitsmálun
- Hreyfing

Hofsstaðaskólaleikar

Á hverju hausti eru haldnir svokallaðir HS-leikar

- Nemendum skipt upp í 40 hópa frá 1. – 7. bekk
- 6. og 7. bekkingar fyrirliðar
- Einn dagur í íþróttahúsi og annar dagur í skólanum
- Fjölbreytt verkefni
- Samvinna
- Safnað stigum
- Uppskeruhátíð

100 daga hátíð

Í 1. bekk er haldin hátíð þegar nemendur hafa náð 100 skóladögum. Þetta er einn skemmtilegasti dagur ársins að mati margra nemenda

Vinaliðaverkefni

Markmið vinaliðaverkefnis er að vinna gegn einelti með því að bjóða upp á jákvæða afþreyingu á skólalóðinni í frímínútum

- Vinaliðar koma úr 4. – 6. bekk
- Þeir stjórna leikjum í frímínútum
- Allir mega taka þátt

Regnboginn - frístundaheimili

Einkunnarorð Regnbogans eru

virðing, vinátta og vellíðan.

- Meginhlutverk Regnbogans er að bjóða börnum á aldrinum 6-9 ára innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.
- Frístundabíll fer frá skólanum

Brúum bilið

Vinaleikskólar

- Akrar
- Hæðarból
- Lundaból

- Á þessu skólaári hafa ekki verið reglulegar heimsóknir
- Vonandi verður hægt að bjóða verðandi 1. bekkingum í vorskóla í maí